

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR			
Stjórnarfundur nr. 3 2015	4	Dagsetning	23. september 2015	Tími 11:30 – 13:15
Fundarstjóri	BK			
Ritari	ISS			
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, HÓS, ISS (BE, GSB, MH, SLB). Hluta fundarins sat einnig Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðukona Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.			
Fylgiskjöl	Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um Kjararáð, sept. 2015 Drög að ákvæðum um sérstaka starfseiningu – umræðuskjal, sept.2015 Einfaldara ríkiskerfi með markvissari stjórnun stofnana, apríl 2015 Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna, apríl 2012 Drög að skilgreiningu verkefnis – 5 ára reglan			
Vistun gagna	ISS			

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var ekki lögð fram, en send í tölvupósti á stjórn.

2. Fundur með Kjararáði - kjaramál

BK og KLÁ sögðu frá fundi með formanni og framkvæmdastjóra Kjararáðs á Hverfisgötu 6a. Þar var rætt um þá hópá sem fjalla undir Kjararáð. Þeir eru mjög ólíkir og sumir eru einsleitir en aðrir fjölbreyttir s.s. forstöðumenn ríkisstofnana. Jóhönnuákvæðið svokallaða, um að enginn forstöðumaður sé með hærri laun en forsætisráðherra, setji ákveðnar skorður og svigrúm Kjararáðs miðast við það. Mjög fáir forstöðumenn komast nálægt því hámarki, en þróunin hefur þó orðið sú að hlutfall og fjöldi eininga hefur aukist. BK og KLÁ lögðu fram gögn og útreikninga um þróun vísitölu og launa. Munurinn hjá forstöðumönnum er nú 20-30%.

Í undirbúningi er almennur úrskurður frá Kjararáði sem reiknað er með að taki mið af Gerðardómi frá 14. ágúst 2015. Líklega verður beðið með birtingu hans þar til kjaradeilu SFR og ríkisins lýkur. Varðandi bréf og kröfu frá FFR til Kjararáðs, sem einnig er í undirbúningi, þarf að koma skýrt fram hvað sé sérstakt við hóp forstöðumanna sem geri það að verkum að hann eigi að fá hækkun. KLÁ sagði að félagið eða félagsmenn þurfi að skapa sér ákveðna sérstöðu gagnvart öðrum hópum sem falla undir Kjararáð. Rætt var um að fara betur yfir bréfið í ljósi þessa. Sem dæmi um sérstöðu eða áherslur var eftirfarandi nefnt: mikið vantraust borið til stofnana ríkisins, mikið álag vegna þess og vegna niðurskurðar, færra starfsfólks og sífelld fleiri verkefna. Einnig að eðlilegt bil eigi að vera milli forstöðumanns og næstráðandi, að forstöðumenn standi oft á milli faglegra og pólitískra sjónarmiða og geti lent í siðklemmu, þeim sé einnig ætlað að raungera ákvarðanir sem teknar eru af æðra settu stjórnvaldi en jafnframt vera innan fjárhagsramma.

Ljúka þarf við bréfið til Kjararáðs og senda það.

3. Fundur með fjármála- og efnahagsráðuneyti – starfsumhverfi

BK sagði frá fundi í fjármála og efnahagsráðuneytinu með Sigurði Helgasyni og fleirum. Þar voru lögð fram tvö vinnuskjöl, sem ekki eru til dreifingar: *Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um Kjararáð*, sept. 2015 og *Drög að ákvæðum um sérstaka starfseiningu – umræðuskjal*, sept.2015. Einnig var bent á frétt frá ráðuneytinu 28.04.2015 varðandi [próun launa starfsmanna sem heyra undir Kjararáð](#). Óskað var eftir athugasemdum og tillögum frá FFR inn í þessi skjöl t.d. hvernig eigi að meta störf forstöðumanna, hvernig eigi að ákvarða laun, frammistöðumat o.fl. Ákveðið var að halda morgunverðarfund um málið og fá Sigurð til að vera með framsögu.

4. Drög að verkefnislýsing vegna 5 ára reglu - starfsumhverfi

Lögð voru fram drög að verkefnislýsingu vegna 5 ára reglu frá KLÁ, en hún hafði þurft að víkja af fundi. Fara þarf betur yfir drögin.

5. Umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði

Einnig þarf að undirbúa umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna. Ákveðið var að fela KLÁ að undirbúa umsókn.

6. Fundaröð FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Sjöfn Vilhelmsdóttir frá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála kynnti nokkrar hugmyndir um morgunverðarfund og námskeið í vetur. Fyrsti fundurinn var með fjármálaráðherra 16. september s.l., en ákveðið var að halda tvo aðra stóra fundi á Grand Hótel á haustönn. Fyrri fundurinn verður haldinn með Félagi mannauðsstjóra þann 20. okt. kl. 08:30 – 09:45 um framkvæmd Gerðardóms frá 14. ágúst 2015. Hugsanlegir framsögumenn geta verið Gunnar Björnsson, forstöðumaður og mannauðs- eða fjármálastjóri. Horft verður á praktískar lausnir. Seinni fundurinn verður 17. nóvember kl. 08:30 og þar verði rætt um starfsumhverfi forstöðumanna og hugsanlegir framsögumenn verða Sigurður Helgason (sbr. lið 3), Gunnar Helgi Kristmundsson, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Stefán Eiríksson. Í framhaldi af honum verði haldinn almennur félagsfundur FFR kl. 10:00 – 11:00 þar sem BK, KLÁ og starfskjaranefnd ræða kjaramál félagsmanna, Kjararáð, launahækkunar o.fl. (sbr. lið 2). Sjöfn pantar sali á Grand Hótel og IS/BK gera þarf drög að dagskrá.

Einnig var rætt um hugsanlega fundi og námskeið á vorönn 2016 og sem fundarefni var nefnt innkaup eða innlegg frá Ríkiskaupum, einnig fund um endurnot opinberra upplýsinga, opin gögn og auknar kröfur um upplýsingaskyldu stjórnvalda og svo fund um árangursstjórnun, hæfnismat og mannlega þáttinn í áætlanagerð og mati.

7. Önnur mál

- Dómsmálinu varðandi leiðréttingar aftur í tímann var tekið fyrir 10. sept. Dómur verður kveðinn upp innan fjögurra vikna frá þeim degi. Líklegt er talið að málinu verði áfrýjað.
- Ákveðið var að hækka þóknun Erlu Bjarnadóttur sem heldur utan um félagaskrá og skrá yfir eldri forstöðumenn, auk þess að senda fundarboð og tölvupósta á hópinn, úr 25.000 kr. á mánuði í 30.000 kr. Það er 20% hækkun og í samræmi við hækkunar hjá starfsmönnum ríkisins.
- BK hefur í hyggju að gera nýtt fréttabréf og senda á félagsmenn.

Nýr fundartími var ekki ákveðinn.

Fundarritari, IS.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Ljúka bréfi til Kjararáðs	BK/TA	30.09.2015
Athugasemdir við drög að frumvarpi	Allir	15.10.2015
Verkefnislýsing vegna upplýsingaöflunar um starfsumhverfi	BK/KLÁ	Skoðað 23.09.2015
Umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna	KLÁ	Skoðað 23.09.2015
Panta sali á Grand Hótel vegna funda	Sjöfn V.	24.09.2015
Gerð dagskrár vegna funda	BK/IS o.fl.	30.09.2015